

UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkeypta þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga vegna eineltismála

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst 2018 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkeypta sálfræðiþjónustu:

Óskað er eftir að fá sundurliðun á tölu um aðkeypta þjónustu sálfræðinga hvað varðar verkefni, orsökum þess að leitað var til sjálfstætt starfandi aðila, af hvaða fyrirtæki var þjónustan keypt og hvers lags þjónustu var óskað eftir?

Fyrirspurnin er lögð fram í kjölfar umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara vegna svohljóðandi fyrirspurnar sem lögð var fram í borgarráði þann 5. júlí 2018:

Hver er upphæð aðkeyptrar þjónustu sjálfstætt starfandi sálfræðinga í tengslum við forvarnir og úrvinnslu eineltismála síðustu 5 ár?

Í þessari umsögn er gert ráð fyrir að hér sé verið að óska eftir sundurliðun á þeirri fjárhæð sem fram kom fyrri umsögn skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 23. ágúst sl., þ.e. 11.311.894 kr.

Hjá Reykjavíkurborg starfa á hverjum tíma ríflega níu þúsund starfsmenn. Eineltisteymi eru starfandi á öllum sviðum borgarinnar auk miðlægs eineltisteymis, sem sjá um úrvinnslu flestra tilkynninga um einelti. Frá janúar 2013 til og með júlí 2018 hefur verið leitað til fimm utanaðkomandi aðila vegna alls 11 eineltisathuganna. Einkum eru tvær ástæður fyrir því að leitað er eftir utankomandi aðstoð. Það er annað hvort vegna skorts á hæfi eineltis- og áreitnitema til þess að rannsaka mál út frá almennum hæfisskilyrðum stjórnsýslulaga eða þegar tryggja þarf hlutleysi í tilvikum þegar aðilar máls starfa náið með einstaklingum í eineltisteymum.

Í ljós hefur komið að kostnaður vegna þessa mála er 11.732.984 kr. en ekki 11.311.894 kr. líkt kom fram í fyrri umsögn sem lögð var fram á fundi borgarráðs þann 23. ágúst sl. Eitt málanna

hafði verið merkt með röngum hætti í kerfinu sem leiddi til þess að sá kostnaður var ekki tekinn inn í upphæðina. Beðist er velvirðingar á því.

Í töflunni hér að neðan má sjá hvernig kostnaðurinn skiptist á milli þjónustuaðila.

Fyrirtæki	Upphæð
Forvarnir ehf	442.419
Hörður Þorgilsson	752.000,00
Líf og sál sálfræðistofa ehf	8.575.500,00
Marteinn Steinar Jónsson	1.170.000,00
Officium	793.065,00
	11.732.984,00

Þess má geta að hægt er að sjá heildarþjónustukaup Reykjavíkurborgar eftir birgjum í opnum fjármálum á vef Reykjavíkurborgar.

Helga Björg Ragnarsdóttir,
skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara